



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breyting á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

Lagt er til að:

Tekju- og eignamörk 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði verði uppfærð til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða, sbr. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Viðmið varðandi tekjur á ársgrundvelli í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði, sbr. fylgiskjal I með reglunum, verði uppfærð til samræmis við reglugerðina.

Við 18. gr. bætist önnur málsgrein varðandi kröfu um milliflutning þegar aðstæður leigutaka hafa breyst á þann veg að stærð húsnæðis er ekki til samræmis við fjölskyldustærð.

Nauðsynlegar orðalagsbreytingar verði gerðar vegna breytinga sem hafa orðið, s.s. í stað orðsins *þjónustumiðstöð* í reglunum verði notað orðalagið *miðstöð Reykjavíkurborgar* eða *viðeigandi miðstöð í hverfi*, eftir því sem við á og orðalagi verði breytt með tilliti til kynhlutleysis, s.s. heimilismenn verði heimilisfólk og starfsmenn verði starfsfólk.

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð:

Í d. lið 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði er kveðið á um tiltekin tekju- og eignamörk sem tekjur og eignir umsækjenda skuli ekki fara yfir. Í niðurlagsákvæði d. liðar 4. gr. reglnanna er kveðið á um að fjárhæðir skuli endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega. Tekju- og eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði hafa verið miðuð við þær fjárhæðir sem fram koma í reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Innviðaráðuneytið tilkynnti þann 17. janúar 2023 um uppreiknuð tekju- og eignamörk, sbr. reglugerð nr. 1594/2022 um breytingu á reglugerð nr. 1342/2020.

Er því lagt til að tekju- og eignamörk verði hækkuð í samræmi við framangreinda breytingu á reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Því er lagt til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.

Tekjur	Voru	Verða	Hækkun í kr.	Hækkun í %
Einstaklingur	5.995.000	6.632.000	637.000	10,63%
Hjón og sambúðarfólk	8.394.000	9.286.000	892.000	10,63%
Hvert barn undir 20 ára aldri á heimilinu	1.499.000	1.658.000	159.000	10,61%
Eignamörk	6.471.000	7.158.000	687.000	10,62%

Breyting á viðmiðunum á matsblaði

Í samræmi við ofangreint er jafnframt lagt til að breytingar verði gerðar á **matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði** vegna umsókna um félagslegt leiguhúsnæði (fylgiskjal 1 með reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði). Matsviðmiðið er **greiningartæki** sem felur í sér stigagjöf og notað er þegar umsóknum um almennt félagslegt leiguhúsnæði er forgangsraðað. Hækka þarf tekjuviðmiðin þar **til samræmis** við hækkun á framangreindum tekjumörkum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Tekjur samkvæmt matsviðmiði varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði voru:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 5.345.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 3.474.251 til kr. 5.345.000	1
Árstekjur eru undir kr. 3.474.250	2

Tekjur samkvæmt matsviðmiði varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði verða:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 6.632.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.310.974 til kr. 6.632.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.310.974	2

Breytingar á 18. reglnanna.

Núgildandi ákvæði 18. gr. er svohljóðandi:

Við mat á stærð og gerð húsnæðis sem kemur til úthlutunar er höfð hliðsjón af fjölskyldustærð umsækjanda og öðrum aðstæðum sem máli kunna að skipta.

Lagt er til að ákvæði 18. gr. verði:

Við mat á stærð og gerð húsnæðis sem kemur til úthlutunar er höfð hliðsjón af fjölskyldustærð umsækjanda og öðrum aðstæðum sem máli kunna að skipta.

Sé leigutaki í húsnæði sem samræmist ekki stærð fjölskyldu leigutaka, eins og hún er skráð í þjóðskrá, er að undangengnu mati á aðstæðum leigutaka, unnt að gera kröfu

um að leigutaki sæki um milliflutning í annað húsnæði, eftir atvikum minna eða stærra húsnæði, til að rýma fyrir öðrum leigutökum sem eru í þörf fyrir húsnæðið.

Í 18. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði er vikið að stærð og gerð húsnæðis og lagt er til að annarri málsgrein verði bætt við greinina. Umræddar breytingar eru lagðar til svo unnt sé að gera kröfu um að leigutaki sæki um milliflutning þegar aðstæður hans hafa breyst á þann veg að húsnæði leigutaka er annað hvort of stórt eða of lítið miðað við fjölskyldustærð samkvæmt skráningu í þjóðskrá. Nauðsynlegt er að geta brugðist við slíkum aðstæðum svo unnt sé að rýma húsnæði fyrir aðra leigutaka sem eru í þörf fyrir húsnæði í tiltekinni stærð.

Breyting á orðalagi

Lagt er til að orðalagið *miðstöð Reykjavíkurborgar* eða *viðeigandi miðstöð í hverfi* komi í stað orðsins *þjónustumiðstöð* þar sem vísað er til þess í reglunum, eftir því sem við á. Framangreind breyting byggir á því að ekki eru lengur til staðar þjónustumiðstöðvar á vegum Reykjavíkurborgar heldur nefnast þær nú Austur-, Vestur-, Suður- og Norðurmiðstöð og því er eðlilegra að vísa til þeirra sem miðstöðva Reykjavíkurborgar eða viðeigandi miðstöðvar í hverfi.